

Fundargerð Svæðisráðsfundar Ægisvæðis starfsárið 2012 – 2013, fyrsti fundur haldinn 17. nóvember 2012 í umsjá Eldborgar í Kiwanishúsinu í Hafnarfirði.

Fundarsetning. Svæðisstjóri Konráð Konráðsson setti fund kl. 9.05. og bauð fundarmenn velkomna.

Mæting. Mættir voru alls 40 þ.a. 9 fulltrúar frá Eldborg, 6 frá Eldey, 2 frá Keili, 2 Hofi, 5 frá Hraunborg, 3 frá Setberg, 9 frá Sólborg, 2 frá Vörðu. Auk þess Björn Ágúst Sigurjónsson félagi í Elliða og formaður Styrktarsjóðs Kiwanisumdæmisins. Eitt nafn ógreinilegt í fundargerðarbók og klúbbur ekki skráður við.

Gullkorn: Forseti Eldborgar Jóhann A. Guðmundsson.

Fundargerð síðasta fundar. Hafsteinn Guðmundsson fyrrverandi svæðisritari las fundargerð frá 8. september. Fram kom 1 athugasemd. Fundargerðin var síðan borin upp og samþykkt.

Morgunverðarhlé.

Skýrsluskil eftir stafrófsröð klúbba:

Eldborg: Jóhann A. Guðmundsson

Eldey: Ingólfur Arnar Steindórsson

Hof: Guðmundur Th. Ólafsson

Hraunborg: Gunnþór Þ. Ingason

Keilir: Jóhann Sigvaldason

Setberg: Aage Petersen

Sólborg: Emelía Dóra Guðbjartsdóttir

Varða: Jóhanna María Einarisdóttir í forföllum forseta

Svæðisstjórn: Konráð Konráðsson

Umræður um skýrslur. Fram komu athugasemdir hjá 4 fundarmönnum; Jóhanni A. Guðmundssyni, Gylfa Ingvarssyni, Óskari Guðjónssyni og Guðmundi Þorvaldssyni. Svæðisstjóri og Jóhanna sögðu stjórnarskipti hafa fallið saman er tímasetningar varðar hjá mörgum klúbbum og hvöttu framvegis til samráðs klúbba um tímasetningar stjórnarskipta.

Styrktarnefnd umdæmisins. Björn Ágúst Sigurjónsson formaður Styrktarsjóðs/KIF þakkaði tækifæri til að ræða um Styrktarsjóði Kiwanis, bæði umdæmis og heimshreyfingar. Ræddi um beiðnir til styrktarsjóðs og minntist á náttúruhamfarir á austurströnd USA. Meðal styrktarverkefna hérlendis stuðningur við „Bláa naglann“ og „Einstök börn“ og framlag til samskiptabúnaðar í sjúkrabílum á Suðurnesjum.

Framlög klúbba í Ægissvæði til stífkrapaverkefnisins. Framlög klúbba til verkefnisins mættu vera meiri og hvatti til að klúbbar horfðu út fyrir eigið innra starf og til heildarinnar. Kaup á Gull- og silfurstjórnnum eru mjög vaxandi sem og öðrum viðurkenningum sem færa styrktarsjóði tekjur. Safnast hafa \$19 milljónir til stífkrapaverkefnisins af þeim \$120 milljónum sem stefnt er að fyrir lok ársins 2015. Safnast hafa 21% af þeim hluta sem Íslandi er ætlað. Björn hvatti til að verkefnið ætti áfram stuðning klúbbanna.

Ný klúbbalög. Óskar Guðjónsson sagði frá heildarendurskoðun klúbbalaga, sem kynnt voru á umdæmisstjórnarfundum. Lögin hafa verið samþykkt af heimsstjórn. Íslensk þýðing verður kynnt og síðan samþykkt á umstjórnarfundum í janúar n.k. Skuldbinding er til að samþykkja ein lög Kiwanishreyfingarinnar. Óskar skýrði nánar og talaði um aukna fjölbreytni í klúbbaformum, „verða lögin meira lifandi skjal í framtíðinni“. Klúbbar skilgreini „hvað er virkur félagi“.

Að lokinni tölu Óskars komu nokkrar spurningar af sal. Gylfi Ingvarsson ræddi um ógjaldvirkni félaga er klúbbagjöld varðar og hvað væri til ráða, frekar að finna leiðir til að aðstoða vegna t.d. tímabundinna erfiðleika fremur en að sjá að baki góðum félögum.

Óskar nýtti tækifærið í ræðustól og minnti, sem ritstjóri, á Kiwanisfréttir og hvatti félaga til að senda inn efni.

Önnur mál. Bergþór Ingibergsson, fráfarandi svæðisstjóri, afhenti viðurkenningar: Jón Ragnar Reynisson Keili fyrirmyndarritari og Þyrí Marta Baldursdóttir Sólborgu fyrirmyndarforseti.

Bergþór, sem umsjónarmaður fundaraðstöðu og veitinga, þakkaði síðan fundargestum komuna. Petrína Ragna Pétursdóttir forseti Sólborgar kynnti fjáröflun Sólborgar, hollustusælgæti. Ragna ræddi einnig samskipti klúbba og nauðsyn eftirfylgni vegna nýrra klúbba og ræddi einkum málefni Kw. Eldfells.

Björn Ágúst mælti eindregið gegn því að skýrslur klúbba til svæðis yrðu staðlaðar. Minnti á reikningsnúmer styrktarsjóðsins og þakkaði fyrir boð á fundinn.

Guðmundur Þorvaldsson, formaður ferðanefndar umdæmisins, sagði frá undirbúningi og skipulagi ferðar á Evrópuþing í Berlín 29. maí n.k. og erfiðleikum varðandi gistimöguleika.

Aage, forseti Setbergs, beindi orðum til fulltrúa klúbba sem standa að árlegum dansleik fatlaðra, að tímasetning dansleiksins er 5. maí.

Óskar Guðjónsson ræddi um málefni Eldfells og lagði áherslu á að rækta þurfi samskipti við nýja klúbba.

Guðmundur Th. Ólafsson, forseti Hofs, leiðrétti skýrslu Hofs.

Svæðisstjóri, Konráð Konráðsson, þakkaði skýrsluskil, fundarmönnum fundarsetu og þátttöku á fundinum og sagði fundi slitið kl 11:35

Arnaldur Mar Bjarnason